





ÁLYKTUN HAUSTÞINGS SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI

Haustþing SSA, haldið á Vopnafirði
18. september 2025



ÁLYKTUN HAUSTÞINGS SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI

Vopnafirði, 18. september 2025.

Haustþing SSA árið 2025 samþykkir eftirfarandi ályktanir:

- * Haustþing SSA leggur ríka áherslu á að tryggð verði að íbúar Austurlands hafi greiðan aðgang að öflugri geðheilbrigðisþjónustu til jafns við aðra landsmenn og enn fremur að öryggi verði tryggt með bættri löggæslu í kjördæminu.
 - * Haustþing SSA krefst þess að ráðist verði tafarlaust í hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og í löngu tímabærar úrbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi í samræmi við áherslur Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.
 - * Haustþing SSA krefst þess að ráðist verði tafarlaust í hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og í löngu tímabærar úrbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi í samræmi við áherslur Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.
 - * Haustþing SSA leggur áherslu á að fasteignagjöld af orkumannvirkjum ásamt skatttekjum af fiskeldi renni milliliðalaust beint til sveitarfélaganna þar sem tekjurnar verða til og nýtist þannig í heimabyggð til uppbyggingar innviða og þjónustu.
 - * Haustþing SSA leggur áherslu á að aukin skattheimta í formi hækkunar veiðigjalda skili sér að fullu til viðbótar við það fjármagn sem ætlað er til uppbyggingu innviða í fjórðungnum.
 - * Haustþing SSA fagnar því að komið hafi verið á fyrsta staðbundna háskólanámi á Austurlandi með samstarfi Háskóla Íslands og Hallormsstaðaskóla og uppbyggingu rannsóknarsetra Háskóla Íslands á Austurlandi.
 - * Haustþing SSA lýsir yfir áhyggjum af síhækkandi fargjöldum í innanlandsflugi. Egilsstaðaflugvöllur er fjærst höfuðborgarsvæðinu og er flugið því lífsnauðsynleg tenging íbúa við sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menningu, íþróttir og aðra þjónustu á vegum ríkisins. SSA skorar á stjórnvöld að tryggja viðráðanleg fargjöld fyrir íbúa Austurlands.
 - * Haustþing SSA hafnar jafnframt þeim landsbyggðarskatti sem lagður var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli sem hamlar enn frekar för íbúa að þeirri þjónustu sem þarf að sækja á suðvesturhornið.
 - * Haustþing SSA krefst þess að stjórnvöld tryggi jöfnun á raforkukostnaði um land allt þannig að íbúar Austurlands, sem framleiða tæpan þriðjung raforku þjóðarinnar, greiði ekki hærra verð fyrir grunnþjónustu en aðrir landsmenn.
 - * Haustþing SSA leggur áherslu á að fasteignagjöld af orkumannvirkjum ásamt skatttekjum af fiskeldi renni milliliðalaust beint til sveitarfélaganna þar sem tekjurnar verða til og nýtist þannig í heimabyggð til uppbyggingar innviða og þjónustu.
 - * Haustþing SSA leggur áherslu á að aukin skattheimta í formi hækkunar veiðigjalda skili sér að fullu til viðbótar við það fjármagn sem ætlað er til uppbyggingu innviða í fjórðungnum.
 - * Haustþing SSA fagnar því að komið hafi verið á fyrsta staðbundna háskólanámi á Austurlandi með samstarfi Háskóla Íslands og Hallormsstaðaskóla og uppbyggingu rannsóknarsetra Háskóla Íslands á Austurlandi.
- Þó er mikilvægt að allir háskólar bjóði upp á fjölbreytt og aðgengilegt fjar- og netnám sem jafni tækifæri íbúa til náms óháð búsetu. Það er óásættanlegt að Austfirðingar hafi lakara aðgengi að menntun en þeir sem búa nærri háskólum landsins.
- * Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að fjarskiptum verði komið í lag hið fyrsta til að tryggja öryggi vegfarenda á fjölförnum leiðum á Austurlandi. Þá verði brugðist við afleiðingum þess að 2G og 3G sendar eru á útleið m.a. með tilliti til öryggis sjófarenda og íbúa.

